

# Þróunarsjóður grunnskóla í Garðabæ 2015-2016

---

LOKASKÝRSLA VERKEFNISINS: VELFERÐ BARNNA Í GARÐABÆ

Þróunarverkefni unnið í öllum grunnskólum Garðabæjar:  
Álftanesskóla, Flataskóla, Garðaskóla, Hofstaðaskóla og Sjálandsskóla

Tengiliðir vegna verkefnis:  
Ásta Sölvadóttir og Ágústa Guðmundsdóttir, verkefnastjórar,  
[menntaklif@gardabaer.is](mailto:menntaklif@gardabaer.is)



GARÐABÆR



MENNTAKLIF

Velferð barna og ungmenna í Garðabæ - grunnskólar

Lokaskýrsla

apríl 2017

Þróunarsjóður grunnskóla í Garðabæ

Ágústa Guðmundsdóttir og Ásta Sölvadóttir

MENNTAKLIF Garðatorgi 7, Garðabæ

### Heiti verkefnis:

Velferð barna og ungmenna í grunnskólum Garðabæjar

### Styrkþegar:

Grunnskólar Garðabæjar

Ábyrgðaraðili: Brynhildur Sigurðardóttir skólastjóri Garðaskóla

### Verkefnisstjórar:

Menntaklif: Ágústa Guðmundsdóttir og Ásta Sölvadóttir

## Markmið verkefnis samkvæmt umsókn:

Markmið verkefnisins er að skapa skýra heildarmynd og framvindu fyrir skóla, frístundastarf og íþróttafélög í Garðabæ um velferð barna um leið og svigrúm verður tryggt fyrir sjálfstæði hvers aðila til að aðlaga verkefnið að sínum þörfum.

- 1) Að innleiða forvarnar- verklags- og fræðsluáætlanir sem samdar voru af stýrihópi um verkefnið Velferð barna í Garðabæ árin 2013-2015.

Afurðir Sprotasjóðsverkefnisins eru eftirfarandi:

- [Verklag vegna gruns um ofbeldi, vanrækslu eða áhættuhegðun barna](#)
  - [Rafrænt fræðsluyfirlit](#)
  - [Tilkynningaeyðublöð til að setja inn á vefsíður stofnana / skóla](#)
  - Tenglar á vef Garðabæjar: <http://www.gardabaer.is/thjonusta-i-gardabae/velferdarmal/>
  -
- 2) Að þróa og innleiða grunnnámskeið um velferð barna sem ætlað er öllum starfsmönnum í grunnskólum Garðabæjar. (Hugmyndavinna, námskeiðshönnun, skipulagning námskeiða, námskeiðshald).

Námskeiðin skiptast í tvennt:

- Grunnnámskeið A: Ofbeldi, einelti, vanræksla og áhættuhegðun
- Grunnnámskeið B: Jafnrétti, staðalímyndir, kynhlutverk, kynheilbrigði og líkamsímynd.

## Leiðir sem farnar voru til að ná markmiðum þ.e. framkvæmd, tímaplan og umfang verkefnis

Framkvæmd verkefnis var í höndum Menntakliffs sem er ráðið var til að stýra innleiðingu verkefnisins *Velferð barna og ungmenna í Garðabæ* fyrir grunnskóla Garðabæjar á skólaárunum 2015-2016.

Verkefnastjórnin fólst í eftirfarandi þáttum:

- Að boða aðila til funda eins og þörf er á: Skólastjórnendur, stýrihópa hvers grunnskóla, aðra aðila sem að verkefninu koma.
- Að ráða námskeiðshöfunda til að semja grunnnámskeið A og B fyrir starfsmenn grunnskóla (sjá umsókn vegna verkefnisins til Þróunarsjóðs grunnskóla í Garðabæ) og tryggja að þeir skili umbeðnu verki á tilsettum tíma. Innihald námskeiða skal unnið út frá hugmyndum stýrihópa grunnskólanna í Garðabæ og skulu þeir hópa gagnrýna námskeiðin áður en lokahönd er lögð á innihald og uppsetningu þeirra. Verkefnastjórar tryggja samskipti milli höfunda og stýrihópa grunnskólanna.
- Að skipuleggja framkvæmd grunnnámskeiða A og B í öllum grunnskólum Garðabæjar.
- Að halda fundargerðir vegna verkefnisins og vista öll gögn er varða námskeiðið á þann hátt að þau séu aðgengileg stýrihópum grunnskólanna.
- Að skilgreina í samráði við skólastjórnendur grunnskólanna hvernig verkefnið verður metið, framkvæma það mat og vinna úr niðurstöðum.
- Að vinna lokaskýrslu verkefnisins gagnvart Þróunarsjóði grunnskóla í samráði við ábyrgðarmann verkefnisins.

Samstarf verkefnastjórnar, ábyrgðaraðila stjórenda í grunnskólum og velferðateyma í hverjum skóla gekk mjög vel á verkefnatímanum.


**Verkefnið var unnið í nánú samstarfi við skólastjórnendur grunnskóla í Garðabæ. Verkefnið byggir á teymisvinnu þvert á allt skólasamfélagið og hafa margir lagt hönd á plóginn á undanförunum árum.**



Mynd 1 Fræðslu- og menningarsvið, skólastjórnendur og verkefnastjórar á vinnufundi vegna *Velferðar barna* vorið 2016.

## Tímalína verkefnis:

Verkefnið stóð yfir á tímabilinu frá ágúst 2015 til apríl 2017. Verklutar eru nánar tilgreindir í tímalínu verkefnisins hér að neðan:



## Hindranir og frávik frá upphaflegri áætlun

Verkefnið var að mestu leyti á áætlun. Ætlunin var að halda námskeið A og B vorið 2016 en ákvörðun var tekin um að halda námskeiðin eftir sumarleyfi starfsmanna. Þau voru því haldin í ágúst/september 2016.

Ætlunin var að skila lokaskýrslu fyrir áramót 2016, en verkefnastjórar náðu ekki að klára lokafrágang verkefnis fyrr en í apríl 2017 vegna óvæntra verkefna sem komu inn á borð hjá verkefnastjórum í upphafi árs 2017.

## Mat á verkefninu

Eftirfarandi leiðir voru nýttar til þess að meta árangur af verkefninu:

### Mat á breytingum í skólanámskrám:

- Er kafli í skólanámskrá um velferð barna?
- Tekur starfsþróunaráætlun skólanna mið af námskeiðum um velferð barna?

### Miðlun efnis:

- Er verkefnið sýnilegt á heimasíðum þátttökuaðila?

### Mat kennara og stjórnenda á þátttöku í verkefninu:

- námskeiðsmat á grunnaámskeiðum

**Nýtt verklag:** Forvarnar- og verklagsáætlun vegna vanrækslu, ofbeldis gegn börnum og áhættuhegðunar hefur verið aðlöguð að starfsemi þátttökuaðila og birt á vefsíðum allra grunnskóla í Garðabæ. Verkefnið er sýnilegt í skólanámskrám og á vefsíðum skólanna eins og að var stefnt.

- Álftanesskóli: <http://www.alftanesskoli.is/studningur/velferd-barna/>
- Flataskóli: <http://flataskoli.is/studningur/velferd-barna-i-gardabae/>
- Garðaskóli: <http://gardaskoli.is/studningur/verklag-um-velferd-barna/>
- Hofstaðaskóli: <http://www.hofsstadaskoli.is/studningur/velferd-barna-i-gardabae/>
- Sjálandsskóli: <http://www.sjalandsskoli.is/studningur/velferd-barna-i-gardabae/>

Allar starfsáætlanir skólanna taka mið af námskeiðum um velferð barna á skólaárinu 2016-17 eins og sjá má af myndbrotunum hér að neðan.

### Velferð barna -námskeið starfsfólks



### Myndir frá Sjálandsskóla

**Námskeið og fræðslufundir skólaárið 2016-2017**

Í Flataskóla eru m.a. eftirfarandi námskeið og fræðslufundir á dagskrá þetta skólaár sem allir starfsmenn eða hluti starfsmanna sækir:

- Menntabúðir um upplýsinga- og tæknimennt.
- Réttindaskóli Unicef.
- Leikjanámskeið í tengslum við Vinaliðaverkefnið.
- Velferð barna í Garðabæ- tvö námskeið fyrir alla starfsmenn.

### STARFSÞRÓUNARVERKEFNI Í GARÐASKÓLA 2016-2017

Hver?	Hvað?	Hvenær?
Allir starfsmenn	Uppbyggingarstefnan, fagmennska og lýðræði: - tveggja daga námskeið júní 2016 - samræðufundir í ágúst, janúar og eftir þörfum	Júní 2016. Umræðufundir starfsmanna yfir skólaárið.
Allir starfsmenn	Velferð í Garðabæ – námskeið um vinnubrögð í ofbeldisforvörnum, kynheilbrigði og réttum viðbrögðum starfsmanna.	Námskeið A og B haldin á haustönn 2016.

### Í Hofstaðaskóla verða eftirfarandi námskeið á dagskrá skólaárið 2016-2017:

- Tæknidagur í Garðabæ 11. ágúst
- Samvinna. Námsstefna Samtaka um skólaþróun, 12. ágúst
- Velferð barna í Garðabæ A, 16. ágúst
- Jafnrétti í skólstarfi 18. ágúst
- Náms- og menningarferð til Vestmannaeyja. Fyrirlestrar í Hamarsskóla og Barn Vestmannaeyjum ásamt heimsókn í FAB LAB og Eldheima, 16. september.
- Velferð barna í Garðabæ B – Kynheilbrigði, 4. október


Álftanesskóli

reikysæmi,						
Velferð barna í Garðabæ	Kennarar Starfsmenn	Fyrirlestur – umræður A – B námskeið	Haust 16	Skólinn	Kennarar og stjórn.	

### Námskeiðsmat á grunnnámskeiði A:

Sérfræðingar á grunnnámskeiði A voru þær Ólöf Ásta Farestveit hjá Barnahúsi og Guðrún Hrefna Sverrisdóttir félagsráðgjafi og starfsmaður hjá barnavernd í Garðabæ. Verkefnastjórar sáu um námskeiðshönnun og þróun námskeiðsins sem var unnið í nánú samstarfi við nærsamfélagið í Garðabæ.


Alls svöruðu 143 þátttakendur könnun sem lögð var fyrir í lok námskeiðs A. Svörin skiptust eftirfarandi: Álftanesskóli (24), Barnaskóli Hjallastefnunnar (7), Flataskóli (42), Garðaskóli (24), Hofstaðaskóli (29) og Sjálandsskóli (15).



Mynd 2 Skipting skóla í svörum við könnun.

Mikil ánægja var með námskeið A. 136 þátttakendur af 143 fannst framsetning námskeiðsins vera mjög góð eða góð. Eins fannst 140 af 143 þátttakendum fyrirlesararnir standa sig mjög vel eða vel.

Spurt var um lengd námskeiðsins. 11 fannst námskeiðið vera of stutt, 126 fannst námskeiðið vera hæfilega langt og 6 þátttakendum fannst námskeiðið of langt.



Mynd 3 Lengd námskeiðs.

**Meginkostir námskeiðs:** 97 aðilar svöruðu spurningu um megin kosti námskeiðsins. Fólki fannst námskeiðið afar faglegt, vel undirbúið og upplýsandi. Það þótti áhugavert, hnitmiðað, vel uppsett og kom efninu skýrt til skila. Mikil ánægja var með fyrirlesarana, þær Ólöfu Ástu Farestveit frá Barnahúsi og Guðrúnu Hrefnu Sverrisdóttur frá fjölskyldusviði Garðabæjar. Ánægja var með að hitta tengilið við barnavernd og fólki fannst efnið mikilvægt. Námskeiðið vakti athygli á hlutum sem kennarar þurfa að

vera vakandi fyrir og vakti fólk til umhugsunar. Fólk fannst gott að fá skýrar upplýsingar um verklag. námskeiðið styrkja sig í viðbrögðum ef grunur er um að nemandi sé beittur ofbeldi og muni því nýttast vel í starfi. Námskeiðið gaf innsýn inn í það hvernig unnið er úr þeim málum sem berast og hvernig starfsfólk í skólum á að bera sig að við að tilkynna mál er grunur liggur á vanrækslu eða ofbeldi. Nauðsynlegt efni sem mikilvægt er að ræða við alla er koma að vinnu með börnum. Mjög góð efnistöð, gott að fá yfirsýn yfir reglugerðir og viðbragðaáætlanir. Vekur kennara til umhugsunar um hlutverk sitt og mjög gott að fræðast um verkferla/Verklag í málum sem tengjast brotum á velferð barna.

**Það sem betur mátti fara:** 54 svöruðu þessari spurningu. Helst var nefnt að þetta hefði verið mikið efni á stuttum tíma. Sumir hefðu viljað aðeins meiri tíma og að fá smá kaffipásu inn á milli. Lotan þótti löng án þess að fá pásu og sumir vildu fá meiri tíma fyrir umræður. Einnig var nefnt að það hefði verið gott að fá upplýsingabækling í hendurnar eftir námskeiðið.


### **Í athugasemdum komu eftirfarandi puntkar meðal annars fram:**

- \* Mjög gagnlegt námskeið, þarna komu fram mikilvægar upplýsingar.
- \* Loksins námskeið sem kennir manni aðferðir sem nýtast í starfinu.
- \* Góð fræðsla um hvernig á að nálgast börn þ.e. spurja þau ef grunur vaknar.
- \* Frábært áhugavert og fræðsluríkt.
- \* Virkilega gott og vel fram sett námskeið sem mun nýtast vel bæði í starfi sem og í daglegu lífi!
- \* Það þarf heilt þorp til að ala upp barn. Við eigum öll að vinna saman og tryggja velferð nemenda og svona námskeið hjálpar okkur til þess. Mennt er máttur.
- \* Mjög upplýsandi um skyldur og verklag þeirra sem vinna með börnum og unglíngum. Einnig gott að fræðast um verklag þegar tilkynning berst til þeirra er málið varðar.
- \* Þarft og flott námskeið sem allir sem vinna með börnum ættu að nýta sér.
- \* Flott framtak
- \* Þetta var gott og nýtilegt námskeið.




## Námskeiðsmat á grunnnámskeiði B:

Þátttaka í könnun í kjölfar grunnnámskeiðs B var ekki eins góð og í fyrri könnuninni, en 46 svöruðu könnuninni. Flest svör bárust frá þremur skólum, Hofsstaðaskóla, Garðaskóla og Álftanesskóla. Svo virðist sem starfsmenn þriggja skóla hafi ekki gefið sér tólm til að svara könnuninni.



Mynd 4 Þátttaka í könnun eftir grunnnámskeið B


Svörin við könnun B voru á sömu leið og eftir námskeið A. Mikið ánægja var með námskeið B eins og fyrra námskeið. 96% þátttakenda fannst grunnnámskeið B mjög gott eða gott.



Mynd 5 Ánægja með námskeið B.

Spurt var um efnistökm og fannst 44 af 46 efnistökin vera mjög góð eða góð. 43 af 46 þátttakendum fannst framsetningin vera mjög góð eða góð.

Þórdís Elva Þorvaldsdóttir var sérfræðingur og fyrirlesari á námskeiðinu. Allir þátttakendur sem svöruðu könnuninni virtust einnig ánægðir með framlag hennar á námskeiðinu. Flestum fannst námskeiðið hæfilega langt eða 35. Hins vegar fannst tæplega 22% þátttakenda sem svöruðu könnuninni námskeiðið vera of stutt.



Mynd 6 Lengd námskeiðs B.

Hér að neðan eru nokkur svör þátttakenda um meginkosti námskeiðsins:

- \* Upplýsandi, vekur starfsfólkið til umhugsunar og vonandi aðgerða.
- \* Flott nálgun, hvernig tvinnaðar voru umræður við efni fyrirlestursins.
- \* Snýr að málum sem brenna á öllu skólafólki og foreldrum.
- \* Að vekja fólk til umhugsunar um jafnrétti, staðalmyndir og mikilvægt hlutverk starfsfólks skóla í að vera vakandi og gagnrýnin á umhverfi okkar. Koma augu á þau skilaboð sem við erum að fá alls staðar frá um staðalmyndir, mismunun og dulin skilaboð og í framhaldinu að benda nemendum okkar á að taka ekki öllu sem fyrir augu ber sem sjálfsögðu heldur skoða umhverfið með gagnrýnum augum og spyrja spurninga.
- \* Þórdís Elfa er frábær fyrirlesari og einstaklega fagleg. Hún fær mína hæstu einkunn.
- \* Mjög gott að gefa þessu málefni athygli, skilur eftir sig umhugsunarefni sem vonandi verður til þess að jákvæðar breytingar verða í þessu efnum.
- \* Hnitmiðað, skýrt, gott að skipta milli fræðslu og umræðu/espresso.
- \* Vekur mann til umhugsunar um hvað er nauðsynlegt að ræða um og taka á.
- \* Vekur mann til umhugsunar fyrst og fremst og hvetur mann til að gera betur í þessum efnum.
- \* Heldur augum þátttakenda opnum fyrir þáttum sem aldrei má gefa neinn slaka á.
- \* Mjög góður fyrirlestur, áhugaverðar umræður og verkefnavinna.
- \* Mjög skýrt og vel sett fram, léttleikinn í fyrirrúmi.

### Niðurstaða mats:

Eins og sjá má af niðurstöðum námskeiðsmatsins var mikil ánægja í skólasamfélaginu með þessi tvö námskeið. Ljóst er að settum markmiðum var náð. Það er mat verkefnastjóra að vel hafi tekist til í verkefninu. Það er komin góð reynsla á samstarf allra grunnskólanna í gegnum þróunarvettvanginn Menntaklif, þessi vettvangur hefur gefið góða raun í stærri verkefnum innan skólasamfélagsins.

## Ráðstöfun styrks þ.e:

Heildarupphæð styrks kr. 4.500.000

**Tafla 1. Greiðslur til Menntaklifsins vegna verkefnastjórnar:**

Verkþáttur	Tímamagn x tímakaup	Samtals upphæð til verkefnisins í grunnskólum
Umsjón með matstækjum	10 klst x 10.000 kr.	100.000 kr.
Fræðsluáætlun – ráðgjöf, gerð og hönnun	50 klst x 10.000 kr.	500.000 kr.
<b>Verkefnastjórn verkefnis:</b>	100 klst x 10.000 kr.	1.000.000 kr.
<b>Alls greiðslur vegna verkefnastjórnar</b>		<b>1.600.000 kr.</b>

Verkefnastjórum var falið að ráðstafa fjármunum til framleiðslu námskeiða og öðrum tilfallandi verkefnum skv. sundurliðun í töflu 2.

**Tafla 2. Greiðslur sem Menntaklifið fær umboð til að ráðstafa vegna framleiðslu námskeiða:**

Verkþáttur	Tímamagn x tímakaup	Samtals upphæð til verkefnisins í grunnskólum	Breyting frá upphaflegri áætlun
Laun sérfræðinga og ráðgjafa/ v. námskeiðshönnunar	250 klst. x 10.000 kr.	2.500.000 kr.	<b>2.200.000 kr.</b>
Vinnuframlag starfsfólks grunnskóla Garðabæjar við námskeiðin.	80 klst. x 5.000 kr.	400.000 kr.	<b>0 kr.</b>
Kostnaður vegna námskeiðahalds (laun og veitingar) samtals 14 námskeið		0 kr.	<b>700.000 kr.</b>
<b>Alls greiðslur vegna námskeiða</b>		2.900.000 kr.	<b>2.900.000 kr.</b>

### Frávik frá upphaflegri fjárhagsáætlun:

Þar sem ekki fékkst sá styrkur sem sótt var um í upphafi, var ákveðið að kostnaður vegna námskeiðahalds yrði greiddur af grunnskólunum sjálfum.

Við uppgjör á verkefninu kom í ljós að laun sérfræðinga og ráðgjafa voru lægri en áætlað var í upphafi verkefnis. Því var ákveðið í samráði við ábyrgðarmenn að sú upphæð auk kostnaðar vegna vinnuframlags starfsfólks grunnskóla bæjarins yrði ráðstafað til að mæta kostnaði vegna námskeiðahalds á samtals 14 námskeiðum, sjá nánar í skyggða reitnum lengst til hægri í töflu 2. hér fyrir ofan.

## Afrakstur, ávinningur fyrir skólastarf og kynning

### AFRAKSTUR:

Með verkefninu varð vitundarvakning hjá stjórnendum og forstöðumönnum skóla og félaga í Garðabæ um mikilvægi samræmdra vinnubragða. Verkefnið hefur haft sýnileg áhrif á uppbyggingu skólanámskráa og skapað einbeittari sýn á forvarnarverkefni á þessu sviði. Eins hefur verkefnið byggt brú milli fjölskyldusviðs Garðabæjar sem sinnir barnavernd og annarra aðila sem starfa með börnum í Garðabæ.

Starfsmenn grunnskóla í Garðabæ vinna nú í sameiningu að því marki að auka umfjöllun um velferð barna og ungmenna í Garðabæ. Verkerflar á þessu sviði eru orðnir samræmdir sem felur í sér enn meiri fagmennsku og öryggi meðal starfsmanna til að takast á við velferð barna. Búið er að innleiða grunnþætti aðalnámskrár sem snúa að velferð barna, samkvæmt aðalnámskrá grunnskóla<sup>1</sup> (sbr. kafla 7.8. um forvarnir, bls. 45).

**Nýtt verklag:** Forvarnar- og verklagsáætlun vegna vanrækslu, ofbeldis gegn börnum og áhættuhegðunar hefur verið aðlöguð að starfsemi þátttökuaðila og birt á vefsíðum allra grunnskóla í Garðabæ. Verkefnið er sýnilegt í skólanámskrám og á vefsíðum skólanna eins og að var stefnt.

- Álftanesskóli: <http://www.alftanesskoli.is/studningur/velferd-barna/>
- Flataskóli: <http://flataskoli.is/studningur/velferd-barna-i-gardabae/>
- Garðaskóli: <http://gardaskoli.is/studningur/verklag-um-velferd-barna/>
- Hofstaðaskóli: <http://www.hofsstadaskoli.is/studningur/velferd-barna-i-gardabae/>
- Sjúalandsskóli: <http://www.sjalandsskoli.is/studningur/velferd-barna-i-gardabae/>

**Fræðslufirlit:** Verkefnastjórnin tók yfirlitið saman og nær það yfir allt útgefið efni á Íslandi sem varðar velferð barna, allt frá leikskóla til framhaldsskóla. Fræðslufirlitið nær yfir hugtökin ofbeldi, kynjafræði, jafnrétti og kynheilbrigði á víðtækan hátt. Efninu var safnað saman af vef Vitundarvakningar, hjá Námsgagnastofnun, vefnum Jafnrétti, Heimspekitorginu og á veraldarvefnum. Með hverju efni er að finna upplýsingar um útgefanda, hverskonar efni er um að ræða, fyrir hverja efnið er, vefslóðir og lykilhugtök sem tengjast efninu. Efninu er raðað í stafrófsröð en einnig er að finna heildaryfirlit í töflu. Fræðslufirlitið er einnig að finna á vef Menntaklifsins <http://www.menntaklif.is/velferd-barna-i-gardabae/fraedslufirlit/> .

Fræðsluefnið er ætlað börnum, ungmennum, starfsfólki og foreldrum. Mælt er til að aðilar að velferð barna nýti þetta leiðbeinandi fræðslufirlit sem verkfæri til þess að samþætta málefni í námskrám leik-, grunn- og framhaldsskóla, félagsmiðstöðva, félaga og hjá öllum þeim er vinna með börnum í Garðabæ. Meginþorri efnisins er ætlað grunnskólastiginu en þó á hluti af efninu einnig við önnur félög sem starfa með börnum.

---

<sup>1</sup> Aðalnámskrá grunnskóla: <https://www.menntamalaraduneyti.is/media/frettatengt2016/Adalsnamskra-grunnskola-3.-utg.-2016.pdf>


## KYNNINGAR Á VERKEFNINU:

Fulltrúar stýrihóps ásamt tengiliðum í hverri stofnun kynntu verkefnið og afurðir þess í öllum stofnunum sem koma að starfi með börnum og ungmennum upp að 18 ára aldri vorið 2016. Áætlaður tími fyrir hverja kynningu var um 15-20 mín.

**Að kynningu lokinni er það svo í höndum tengiliða í hverri stofnun eða félagi að sjá til þess að afurðirnar séu kynntar og ræddar á hverjum vinnustað og séu gerðar sýnilegar á vef stofnunar eða félags.**

Mælst var til þess að hver stofnun og félag aðlagaði verklagið að sínu starfi. Mikilvægt er að verklagið sé öllu starfsfólki ljóst. Því sáu stjórnendur og verkefnastjórar verkefnið um að kynna verkefnið á starfsmannafundum í skólunum.

Næstu skref að lokinni kynningu í grunnskólum Garðabæjar var að gera afurðirnar sýnilegar á vef skólanna og halda grunnnámskeið A og B. Auk þess var mælst til þess að forvarnar- og fræðsluáætlanir skólanna yrðu uppfærðar með tilliti til fræðslufirlitsins. Hér má t.d. sjá [forvarnaráætlun Garðaskóla](#) og starfsþróunarátlunum skólanna skólaárið 2016-17. Plaköt með verklaginu eru einnig á áberandi stað í starfsmannaaðstöðum í öllum grunnskólum Garðabæjar. Verkefnið var kynnt fyrir foreldrum á fundi með Grunnstoð Garðabæjar vorið 2016.



## KYNNING Á MENNTADEGI GARÐABÆJAR 24. OKTÓBER 2016

Verkefnastjórar létu útbúa stórt plakat með helstu markmiðum verkefnisins fyrir Menntadag grunnskóla Garðabæjar í október 2016. Plakatið hefur verið til sýnis í anddyri bæjarskrifstofu Garðabæjar veturinn 2016-17.

## Grein um verkefnið sem birtist í Garðapóstinum:

Eftirfarandi blaðgrein birtist í Garðapóstinum um verkefnið:

### Heildstæð stefna um velferð barna í Garðabæ

Stór hópur fagfólks þvert á stofnanir og félagasamtök í Garðabæ hefur tekið höndum saman um að vinna að vitundarvakningu um velferð barna. Verkefnið nær til leik-, grunn- og framhaldsskóla í Garðabæ og til íþrótt- og tómstundafélaga í bænum. Allir sem vinna með börnum og ungmennum í bænum fá fræðslu um ýmsa þætti er varða velferð þeirra og um leið er tryggt samræmt verklag um velferð barna í Garðabæ.

#### Hegðun, heilbrigði og sjálfsmynd

Markmið verkefnisins **Velferð barna í Garðabæ** er að setja fram heildstæða stefnu í málum er varða ofbeldi, jafnrétti, áhættuhegðun, kynheilbrigði og sjálfsmynd barna. Þróunarvinna verkefnisins hefur staðið yfir síðastliðin þrjú ár með tilstuðlan styrkja frá Sprotasjóði og Þróunarsjóðum leik- og grunnskóla Garðabæjar. Síðasta ár var gefinn út bæklingurinn: Verklag vegna gruns um ofbeldi, vanrækslu eða áhættuhegðun barna. Bæklingurinn er aðgengilegur á rafrænu formi á vefsíðunni [www.menntaklif.is](http://www.menntaklif.is). Samhliða fór í loftið rafrænn fræðslubanki sem hefur að geyma fræðsluefni fyrir starfsfólk, börn og foreldra.

Í kjölfarið var ákveðið að þróa tvískipt námskeið ætluð öllum þeim sem vinna með börnum og ungmennum í Garðabæ. Í leik- og grunnskólum hafa sérstök velferðarteymi verið mynduð til að taka þátt í þróun námskeiðanna og tryggja farsæla innleiðingu verkefnisins. Sérfræðingarnir Guðrún Hrefna Sverrisdóttir félagsráðgjafi hjá fjölskyldusviði Garðabæjar, Ólöf Ásta Farestveit hjá Barnahúsi og Þórdís Elva Þorvaldsdóttir voru fengnir til aðstoðar við þróun námskeiðanna.

#### Góður rómur gerður að námskeiðunum

Síðastliðna daga hefur starfsfólk grunnskóla setið **grunnnámskeið A um verklag vegna gruns um ofbeldi, vanrækslu eða áhættuhegðun barna**. Starfsfólk í leikskólum sækir námskeiðið í september. Í október fer fram **grunnnámskeið B um jafnrétti, sjálfsmynd og kynheilbrigði** í leik- og grunnskólum. Í framhaldinu verða námskeið fyrir starfsfólk annarra stofnana og félagasamtaka sem vinna með börn í Garðabæ.

Markmið námskeiðanna er að innleiða og samræma verklag hjá starfsfólki sem vinnur með börnum og ungmennum í Garðabæ. Fræðsla um réttindi barna og tilkynningaskyldu starfsfólks samkvæmt barnaverndarlögum, þekkja einkenni ofbeldis, vanrækslu og áhættuhegðunar hjá börnum og rétt viðbrögð við úrvinnslu mála með velferð barna að leiðarljósi.

#### Mikilvæg umræða

Að starfa með börnum er gefandi og krefjandi og taka þarf mið af þroska barnsins hverju sinni. Því er umræða um verklagsreglur á vinnustaðnum og mörk eða markaleysi mikilvæg öllum þeim sem starfa með börnum. Með fræðslu af þessu tagi er starfsfólk betur í stakk búið til þess að sýna rétt viðbrögð og þekkja leiðir til þess að bregðast rétt við aðstæðum á ábyrgan hátt. Aukin meðvitund eykur fagleg vinnubrögð og öryggi í starfi.

Námskeiðið hefur hlotið góðar viðtökur hjá starfsfólki grunnskólanna til þessa. Garðabær fjármagnar verkefnið að stærstum hluta en verkefnastjórn er í höndum þeirra Ágústu Guðmundsdóttur og Ástu Sölvadóttur hjá Menntaklifi sem er þekkingatorg fyrir þróun og miðlun þekkingar í Garðabæ. Hægt er að nálgast upplýsingar um verkefnið á vefjum Garðabæjar og stofnana bæjarins og á vef Menntaklifsins.

Ásta Sölvadóttir og Ágústa Guðmundsdóttir verkefnastjórar verkefnis

## ÁVINNINGUR VERKEFNIS

- Skýr stefna í Garðabæ er varðar velferð barna.
- Samræmd vinnubrögð grunnskólanna er varða velferð barna í Garðabæ.
- Skýrar áætlanir um forvarnir og fræðslu á sviði jafnréttis, kynheilbrigðis, ofbeldis og velferðar almennt.
- Aukin fagmennska í forvörnum og viðbrögðum við ofbeldi, jafnrétti og kynheilbrigði.

## ÁBENDINGAR UM NÆSTU SKREF


Á námskeiðunum komu fram þær ábendingar að verkefnið ætti ekki síður við sem fræðsla til foreldra í Garðabæ. Eins leggja verkefnastjórar til að verkefninu verði haldið lifandi með því að kynna verklagið og fræðslufirlitið í upphafi hvers skólaárs. Eins er æskilegt að velferð barna tilheyri forvarnarviku í Garðabæ. Verkefnastjórar leggja til að grunnnámskeiðin séu haldin tvisvar á ári, á haustin og á vorin. Þau má uppfæra eftir þörfum.

## AÐ LOKUM

Með samstilltum vinnubrögðum er börnum á markvissan hátt tryggt öruggara vinnuumhverfi. Samræming milli stofnana og félaga og sameiginleg fræðsla til starfsmanna efla þá í að takast á við erfið mál af öryggi og fagmennsku sem stuðlar að öruggari samfélagi.

Dagsetning 9. apríl, 2017

Undirskrift verkefnisstjóra

  
\_\_\_\_\_

  
\_\_\_\_\_





- LOKASKÝRSLA TIL SPROTASJÓÐS -

## VELFERÐ BARNNA Í GARÐABÆ

Þróunarverkefni unnið skólaárin 2013 - 2015

Verkefnastjórar: Ásta Sölvadóttir og

Ágústa Guðmundsdóttir, Klifinu skapandi fræðslusetri

Númer: UMS-046. 2013-2015

30. júní 2015

## Efnisyfirlit

1. INNGANGUR .....	3
2. MARKMIÐ .....	3
3. LEIÐIR SEM VALDAR VORU TIL AÐ NÁ MARKMIÐI: .....	4
4. FRÁVIK MIÐAÐ VIÐ ÁÆTLUN VERKEFNIS .....	6
5. HELSTU HINDRANIR SEM KOMU UPP VIÐ VINNU VERKEFNISINS.....	7
6. HELSTI ÁVINNINGUR AF VINNU VIÐ VERKEFNIÐ, JÁKVÆÐ ATRIÐI SEM FYLGDU Í KJÖLFAR EÐA SAMHLIÐA VERKEFNISVINNU.....	7
7. MAT Á VERKEFNINU SAMKVÆMT UMSÓKN .....	7
8. NIÐURSTÖÐUR VERKEFNISINS .....	8
9. ÁÆTLUN UM KYNNINGU Á AFRAKSTRI VERKEFNISINS OG HELSTU NIÐURSTÖÐUM .....	8
10. ANNAÐ SEM GAGNLEGT ER AÐ UPPLÝSA STJÓRN SPROTASJÓÐS UM.....	11

### 1.

## Inngangur

Í þessari lokaskýrslu er sagt frá þróunarverkefni sem unnið var með stórum hópi, rúmlega 30 manns, á skólaárunum 2013 – 2015. Gerð er grein fyrir markmiðum verkefnis, leiðum við framkvæmd þess, frávikum miðað við áætlun, helstu hindrunum sem komu upp við vinnu þess og helsta ávinningi af vinnu við verkefnið. Þá er gerð grein fyrir mati á verkefninu samkvæmt umsókn og áætlunum um kynningu á helstu niðurstöðum þess.

## 2. Markmið

Tilurð þróunarverkefnisins má rekja til [Vitundarvakningar](#) um kynferðislegt andlegt og líkamlegt ofbeldi gegn börnum sem hleypt var af stokkunum haustið 2012 af þremur ráðuneytum. Samráðshópur þvert á skólastig í Garðabæ varð til í kjölfarið og útkoman er verkefnið *Velferð barna í Garðabæ*. Upphaflegt heiti verkefnisins var *Jafnrétti, kynheilbrigði og velferð á öllum skólastigum í Garðabæ*. Heitinu var breytt í *Velferð barna í Garðabæ* eftir að Vitundarvakningunni var falið viðtækara hlutverk árið 2013 og henni jafnframt ætlað að ná til andlegs og líkamlegs ofbeldis gegn börnum.

Verkefnið er mikilvægur liður í innleiðingu grunnþátta menntunar eins og þeim er lýst í Aðalnámskrám leik-, grunn- og framhaldsskóla frá 2011. Þeir verkferlar sem verkefninu er ætlað að styrkja eru ætlaðir til að sinna þörfum nemenda varðandi heilbrigði og velferð með sérstaka áherslu á kynheilbrigði, jafnrétti og ofbeldi sem nauðsynlegt er að líta á sem líkamlegt, andlegt og félagslegt fyrirbæri.

### Markmið verkefnis er þrjúþætt:

- Að samin verði forvarnar- og viðbragðsáætlun gegn kynferðislegu, andlegu og líkamlegu ofbeldi gegn börnum.
- Að samin verði fræðsluáætlun fyrir nemendur, starfsfólk og foreldra allra skólastiga.
- Eftirfylgni með að fræðslu-, forvarnar- og viðbragðsáætlanir fari í framkvæmd í öllum skólum í Garðabæ.

### Áætlaður afrakstur verkefnis:

Að starfsmenn allra skóla, frístundastarfs og íþróttafélaga í Garðabæ vinni í sameiningu að því marki að auka umfjöllun um kynheilbrigði og velferð og að verkferlar á þessu sviði séu samræmdir.

- Forvarnar- og viðbragðsáætlun (verklag) gegn kynferðislegu, andlegu og líkamlegu ofbeldi gegn börnum verði birt á vefsíðum allra skóla í Garðabæ.
- Fræðsluáætlun sem lýsir framvindu kennslu varðandi velferð barna frá leikskóla til framhaldsskóla. Fræðsluáætlunin nær til verkefna sem unnin eru með nemendum, starfsfólki og foreldrum.
- Stýrihópur um velferð barna í Garðabæ verði festur í sessi sem samstarfsvettvangur skóla, frístundastarfs og íþróttafélaga á þessu sviði.

### 3. Leiðir sem valdar voru til að ná markmiði:

**Stýrihópur:** Stýrihópur var stofnaður í júní 2013. Í stýrihópnum sitja: Ásta Sölvadóttir, Menntaklifinu ([menntaklif@gardabaer.is](mailto:menntaklif@gardabaer.is)), Ágústa Guðmundsdóttir, Menntaklifinu ([menntaklif@gardabaer.is](mailto:menntaklif@gardabaer.is)), Elísabet Gunnarsdóttir, Álftanesskóla ([elisabetgu@alftanesskoli.is](mailto:elisabetgu@alftanesskoli.is)), Guðrún Hrefna Sverrisdóttir, fjölskyldusviði Garðabæjar. Kemur inn í hópinn haustið 2014 ([gudrunsv@gardabaer.is](mailto:gudrunsv@gardabaer.is)), Guðrún Helga Sigurðardóttir (2013 – 2014), Hofstaðaskóla ([gudrunsig@hofsstadaskoli.is](mailto:gudrunsig@hofsstadaskoli.is)).

**Samráðshópur:** Skólaárið 2013 – 2014 vann stór hópur, rúmlega 30 manns, sem skipt var í þrjá minni hópa, þvert á samfélagið að því að ná markmiðum verkefnisins. Skólasamfélagið í Garðabæ er hæfilega stórt til að hýsa fjölbreytta skóla sem vinna náið saman að ýmsum verkefnum. Tengslanet þeirra sem starfa í skólunum er sterkt og viðhaldið bæði með miðstýrðum verkefnum og fyrir frumkvæði aðila úti í einstökum skólum. Við vinnu þessa verkefnis hefur orðið til samstarfshópur fulltrúa flestra aðila sem starfa með börnum og ungmennum í Garðabæ. Má þar nefna; leikskólastigi, öllum grunnskólum, framhaldsskóla (FG), Stjórnunni, UMFÁ, skátafélagunum Vífli og Svani, Klifinu, Heilsugæslunni í Garðabæ og fjölskyldusviði Garðabæjar. Samráðshópnum var skipt upp í þrjá minni hópa: Verklagshóp, fræðsluáætlunarhóp og starfendarannsóknahóp.

Veturinn 2013 – 2014 þróaðist verkefnið og skilgreining Vitundarvakningarinnar varð víðari. Við það tekur verkefnið einnig til líkamlegs og andlegs ofbeldis ásamt vanrækslu og áhættuhegðunar barna og ungmenna. Verkefnið nær nú einnig til þátta sem lúta að jafnrétti og mannréttindum.



Mynd 1 Samráðshópurinn

Veturinn 2013-2014 hélt stýrihópur reglulega fundi með samráðshópnum. Stóra hópnun var skipt upp í þrjá minni vinnuhópa. Unnið var að *verklagi* (áður nefnt verk- og viðbragðsáætlun), undirbúningi *starfendarannsóknar* og *fræðsluáætlunar*. Í júní 2014 kynnti stýrihópurinn afrakstur vinnu vetrarins fyrir stjórnendum stofananna og félaga í Garðabæ. Stýrihópurinn fundaði einnig með Fjölskyldusviði Garðabæjar, Ólöfu Ástu Farestveit hjá Barnahúsi, Mennta- og menningarmálaráðuneytinu og Námsgagnastofnun í júní 2014. Eftir þessa fundahrinu var tekin ákvörðun um að fresta útgáfu fræðsluáætlunarinnar, þar sem fyrirséð var að Námsgagnastofnun var með handbók í smíðum sem við vildum geta nýtt okkur í okkar fræðsluáætlun. Veturinn 2014 – 2015 vann stýrihópurinn að því að fullvinna verklag frá samráðshópnum og fræðslufirlit yfir allt það efni sem til er um viðfangsefni verkefnisins. T.d. þurfti að hanna tilkynningaeyðublöð og setja efni inn á vefsíður hjá Garðabæ sem síðar verður hægt að vísa til þegar innleiðingin hefst.

Stýrihópur sá um að útbúa kynningarefni til að kynna fyrir fulltrúum nefnda í bæjarstjórn Garðabæjar og leitaði leiða til að fjármagna innleiðingu og fræðsluhönnun verkefnisins.

#### Tímalína verkefnis samkvæmt áætlun:

##### Nóvember 2013 - Stöðuskýrsla

Afurð: Í þessari skýrslu er gerð grein fyrir upphafsstöðu allra samstarfssaðila í verkefninu Velferð barna í Garðabæ haustið 2013. Sagt er frá tildrögum verkefnisins, gagnaöflun og aðferðum við greiningu gagnanna. Gerð er grein fyrir því með hvaða hætti fræðsla um þessi viðfangsefni fer fram í stofnunum í upphafi verkefnis.

Tímabil: 15. ágúst 2013 – 1. nóvember 2013

Ábyrgðaraðilar: Verkefnastjórar.

##### Mars 2014 - Verklag

Afurð: Verklag vegna gruns um vanrækslu, ofbeldi eða áhættuhegðunbarna og ungmenna. Tilbúin áætlun kynnt í skólasamfélaginu og birt á vefsíðum allra skólanna.

Tímabil: 1. nóvember 2013 – 1. október 2015

Ábyrgðaraðilar: Samráðshópur, stýrihópur, verkefnastjórar.

##### Júní 2014 Fræðslufirlit

Afurð: Fræðslufirlitið er rafrænn verkefnabanki, kennsluefni og ábendingar um námsefni og aðferðir sem tengjast viðfangsefnum verkefnisins: Ofbeldi, kynjafræði, jafnrétti og kynheilbrigði á víðtækan hátt. Með hverju efni er að finna upplýsingar um útgefanda, hverskonar efni er um að ræða, fyrir hverja efnið er, vefslóð og lykilhugtök er tengjast efninu. Efninu er raðað í stafrófsröð en einnig er að finna heildaryfirlit í töflu. Fræðsluefnið er ætlað börnum, ungmönnum, starfsfólki og foreldrum.

Mælst er til að aðilar að velferð barna nýti þetta leiðbeinandi fræðslufirlit sem verkfæri til að þess að samþætta málefnið í námskrám leik-, grunn- og framhaldsskóla, félagsmiðstöðva, félaga og hjá öllum þeim er vinna með börnum í Garðabæ.

Tímabil: 1. nóvember 2013 – 15. júlí 2015

Ábyrgðaraðilar: Samráðshópur, stýrihópur, verkefnastjórar.

### Ólokið: Innleiðing áætlana í skólanámskrár

Afurð: Allar áætlanir verða birtar á vefsíðum skólanna og nánari útfærslur skilgreindar í skólanámskrám. Búið er að sækja aukafjármagn til þess að innleiða þennan þátt verkefnisins.

Tímabil: 1. ágúst 2015 – 1. apríl 2017

Ábyrgðaraðilar: Forstöðumenn og stjórnendur stofnanna og félaga.

### Ólokið: Starfendarannsóknir

Afurð: Samráðshópar kennara og annarra starfsmanna. Greining á vinnu starfsmanna í skólunum.

Tímabil: skólaárin 2015-2017

Ábyrgðaraðilar: Samráðshópur – starfendarannsóknarhópur, grunnskóla- og leikskólafulltrúar Garðabæjar.

### Ólokið: Eftirfylgni

Afurð: Mat á því hvort áætlanir og verkferlar komast í framkvæmd. Stýrihópurinn festur í sessi í sveitarfélaginu.

Tímabil: 1. janúar 2016– 1. maí 2017

Ábyrgðaraðilar: Verkefnastjórar.

### Júní 2015 Skýrslugerð

Afurð: Stöðuskýrsla tilbúin í júní 2014, lokaskýrsla tilbúin í júní 2015.

Tímabil: 1. maí 2014 – júní 2015

Ábyrgðaraðilar: Verkefnastjórar.

## 4. Frávik miðað við áætlun verkefnis

Þegar stöðuskýrsla lá fyrir, haustið 2013, var fyrirsjáanlegt að verkefnið yrði útvíkkað. Það kom til vegna þess að ákveðið var árið 2013 að Vitundarvakningunni yrði falið viðtækara hlutverk og ná einnig til andlegs og líkamlegs ofbeldis gegn börnum.

Stofnaðir voru þrjár vinnuhópar strax í upphafi verkefnis. Hóparnir voru mótaðir eftir markmiðum sem greint var frá í umsókn verkefnisins. Í umsókn var talað um forvarnar- og viðbragðsáætlun en samstaða var um það innan hópsins að færa forvarnarhlutann undir hatt fræðsluáætlunar þar sem fræðsla er í raun forvörn. Heitinu Viðbragðsáætlun var breytt í "[Verklag Garðabæjar - Vegna gruns um vanrækslu, ofbeldi eða áhættuhegðunar barna og ungmenna](#)".

Það hefur tekið lengri tíma að vinna verkefnið er upphaflega var lagt upp með. Verkefni stækkaði á marga vegu. Fleiri aðilar bættust við en upphaflega var gert ráð fyrir vegna mikils áhuga á verkefninu í nærumhverfinu. Fleiri hugtök bættust við sem viðfangsefni og ákveðið var að vinna verkefnið til framtíðar.

Innleiðing er styttra komin en umsóknin gerði ráð fyrir þar sem ekki var til fjármagn til innleiðingar vegna skerðingar á styrkumsókn. Starfendarannsókn hefur ekki farið fram ennþá og eftirfylgni er eftir.

## 5. Helstu hindranir sem komu upp við vinnu verkefnis

Helsta hindrunin var hversu víðfemt verkefnið var. Það tók tíma að mynda sameiginlega sýn fyrir verkefnið. Margir komu að verkefninu og starfsmannavelta innan samráðshópsins hamlaði framvindu.

Það tafði fyrir þessu verkefni að beðið var eftir stefnumótandi plöggum frá ráðuneytunum og beðið var eftir útgáfu handbókar frá Námsgagnastofnun.

Starfendarannsóknarhópurinn er búinn að vinna alla grunnvinnu fyrir sinn þátt, en náði ekki að vinna sína rannsókn þar sem innleiðingu er ólokið.

Vitundarvakningin var útvíkkuð sem og verkefnið. Það þurfti að fara fram vitundarvakning meðal stjórnenda stofnana og bæjaryfirvöldum til þess að veita verkefninu brautargengi til framtíðar.

## 6. Helsti ávinningur af vinnu við verkefnið, jákvæð atriði sem fylgdu í kjölfar eða samhliða verkefnisvinnu

Það varð vitundarvakning hjá stjórnendum og forstöðumönnum um mikilvægi samræmdra vinnubragða.

Það var áberandi vilji til samstarfs þvert á alla þátttakendur og fleiri bættust í hópinn en gert var ráð fyrir í upphafi.

Það er mikill og skýr afrakstur af verkefninu. Stöðuskýrslan, verklagið og fræðsluyfirlitið. Afrakstrinum verður bæði miðlað í formi Verklags sem allir fá í hendurnar útprentað, sem og á rafrænu formi á vef [Menntaklifsins](#).

Hugmyndir okkar um það verkefni sem velferðin er hafa mótast á verkefnatímanum. Búið er að skipta nokkrum sinnum um nafn á verkefninu samfara bættum skilningi á þessu fjölpætta verkefni.

Verkefnið útvíkkaði samstarf þvert á stofnanir og félög í Garðabæ í gegnum Menntaklifið sem er ekki lengur vettvangur skólasamfélagsins heldur vettvangur nærsamfélagsins í Garðabæ.

## 7. Mat á verkefninu samkvæmt umsókn

Verkefnið hefur haft sýnileg áhrif á uppbyggingu skólanámskráa og skapað einbeittari sýn á forvarnarverkefnið á þessu sviði.

Verkefnið hefur byggt brú milli fjölskyldusviðs Garðabæjar sem sinnir barnavernd og og annarra aðila sem starfa með börnum í Garðabæ.

Innleiðingin og starfendarannsóknin er eftir en þær fara fram skólaárin 2015 -2017. Unnið er að hönnun fræðsluáætlanar.

## 8. Niðurstöður verkefnis

Verkefnið hefur haft sýnileg áhrif á uppbyggingu skólanámskráa og skapað einbeittari sýn á forvarnarverkefnið á þessu sviði.

Verkefnið hefur byggt brú milli fjölskyldusviðs Garðabæjar sem sinnir barnavernd og og annarra aðila sem starfa með börnum í Garðabæ.

Innleiðingin er eftir en hún mun fara fram skólaárin 2015 -2017.


Á mynd 2 er verkefnaáætlunin í heild sinni. Þar sem verkefnið er mjög viðamiklð reyndist nauðsynlegt að afla frekari styrkja til námskeiðshönnunar og innleiðingar á námskeiðum meðal starfsmanna sem vinna með börnum og ungmennum í Garðabæ.



Mynd 2 Áætlun um innleiðingu verkefnisins Velferð barna



Á mynd 3 hér fyrir neðan er verklagið sett fram í einfaldri skýringarmynd. Þessi skýringarmynd er ætla að hanga uppi á vegg í rýmum hjá starfsmönnum sem vinna með börnum.



Mynd 3 Verklag vegna gruns um vanrækslu, ofbeldi eða áhættuhegðunar barna og ungmenna

Á mynd fjögur má sjá forsiðumynd handbókar sem samráðshópurinn skrifaði um *verklag vegna gruns um vanrækslu, ofbeldi eða áhættuhegðun barna og ungmenna*. Handbókin kemur út í september 2015. Handbókin er enn í vinnslu en áætluð útgáfa er í september 2015. Þá mun hún jafnframt birtast á vefsíðum allra samstarfsaðila verkefnisins.

Í handbókinni eru þau fjögur stig sem greint er frá á skýringarmyndinni útskýrð nánar. Henni verður dreift til starfsmanna haustið 2015 um leið og þeir fá kynningu á nýja verklaginu. Tvö grunnnámskeið eru fyrirhuguð í framhaldi af kynningunni. Námskeið A er helgað verklaginu. Námskeið B er námskeið um kynheilbrigði. Þróun þeirra er fer fram haustið 2015. Starfsmenn munu sækja námskeiðin árið 2016-2017 ef nægt fjármagn fæst til innleiðingarinnar.



Mynd 4 Handbók um verklag

## 9. Áætlun um kynningu á afrakstri verkefnisins og helstu niðurstöðum

- Kynningarfundir fyrir stjórnendur allra þáttökuaðila fór fram í júní 2014.
- Kynningarfundur fyrir Mennta- og menningarmálaráðuneytið fór fram í júní 2014.
- [Kynningarfundur](#) fyrir nefndir á vegum Garðabæjar fór fram í október 2014.
- [Kynningarfundur](#) fyrir erlenda samstarfsaðila skólasamfélagsins í Garðabæ fór fram í júní 2015.
- 25. ágúst 2015 er fyrirhugaður kynningarfundur fyrir skólstjórnendur í grunnskólum.
- Haustið 2015 verður verklag og fræðslufirlit kynnt starfsmönnum þáttökustofnanna og félaga.
- Veturinn 2015 – 2016 verður unnin fræðsluáætlun fyrir verkefnið því búið er að tryggja fjármagn fyrir innleiðingarhluta verkefnisins.
- Innleiðing verkefnisins fer fram í grunnskólum Garðabæjar á árunum 2016 – 2017.
- Eftirfylgni fer fram vorið 2017.

## 10. Annað sem gagnlegt er að upplýsa stjórn Sprotasjóðs um

Búið er að tryggja fjármagn til þeirrar innleiðingar sem eftir er í grunnskólum Garðabæjar, með stórum styrk úr Þróunarsjóði grunnskóla í Garðabæ.

Stefnt er því að sækja um sambærilegan innleiðingarstyrk fyrir önnur skólastig, stofnanir og félagasamtök í Garðabæ, meðal annars til Þróunarsjóðs Garðabæjar.

Verkefnið hefur hlotið víðtækan hljómgrunn í sveitarfélaginu. Stofnanir og nefndir Garðabæjar ásamt félagasamtökum hafa mikinn metnað fyrir framgöngu þess.

Garðabæ, 30. júní 2015

Ásta Sölvadóttir verkefnastjóri

Ágústa Guðmundsdóttir verkefnastjóri

Brynhildur Sigurðardóttir skólastjóri Garðaskóla, ábyrgðarskóla umsóknar